

Þingsályktun

um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fótluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði. Jafnframt verði ráðherra falið að leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta.

Samþykkt á Alþingi 31. mars 2009.